

vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 10. nóvember 1984.

Fjármálaráðuneytið, 5. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum
nr. 82 28. desember 1983.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á tímabilinu 1. október 1984 til 31. desember 1984 á eftirgreindum svæðum:

- A. Í Héraðsflóa frá línu réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnareyjarvita að línu réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) utan línu sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°40'0 V lgd., eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 82 28. desember 1983, um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. október 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 372 21. ágúst 1984, um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 82 28. desember 1983.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. september 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyjólfsson.